



Bífreiðaskoðun
Hólmaslóð 2
Sími 570 9000
www.frumherji.is

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is



Ungt og efnilegt íþróttafólk

Kjör íþróttamanns og íþróttakonu Seltjarnarness fór fram að viðstöddu fjölmenni fimmtudaginn 7. mars en þetta er í 20. skipti sem íþróttafólk Seltjarnarness er kjörið. Einnig voru veittar viðurkenningar til ungs og efnislegs íþróttafólks sem tilnefnt var af sínum félagsliðum og hefur staðið sig framúrskarandi vel í ýmsum íþróttagreinum á liðnu ári. Eitt af markmiðum með þessum viðurkenningum er að hvetja þetta unga fólk til að ná því markmiði að verða framtíðarafreksmenn Íslands í sínum íþróttagreinum. Á bls. 5 er fjallað nánar um kjör íþróttafólks Seltjarnarness.

www.borgarblod.is



**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345

Góð þjónusta – Hagstætt verð



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum
í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann
til að sækja „appið“
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



**Hafðu bankann
með þér**



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Margar góðar hugmyndir

Margar hugmyndir komu fram á vel sóttu íbúðingum sem nýverið var haldið á Seltjarnarnesi. Á meðal þeirra hugmynda var að bættar yrðu samgöngur við Nesið en Seltjarnarnesið liggur að sjó á þrjá vegu. Stutt er í alla þjónustu og örstutt niður í miðborg Reykjavíkur. Út frá því á Seltjarnarnesi að vera kjörtstaður til að búa á.

Hugmyndir komu fram um að gera ylströnd, en til þess má fá afrennslu sem kemur frá Hitaveitu Seltjarness sem er í eigu bæjarinnis.

Fyrir neðan Nesstofu er stórt opið svæði sem mætti nýta betur með stígum og bekkjum.

Einnig ætti að vera möguleiki til að stækka golfvöllinn eða fá stærra æfingasvæði fyrir golfara því á bilinu fimm til sex hundruð manns eru nú á biðlista til að fá að spila golf á Seltjarnarnesi.

Rætt var um að efla og bæta göngu- og hjólastíga í bæjarfélaginu og einnig að gróðursetja mætti fleiri tré til að mynda meira skjól.

Í framhaldi af fundinum var opnaður hugmyndabanki á heimasíðu bæjarins þar sem íbúar eru hvattir til að koma fram með stjórur og smáar hugmyndir.

Nú þarf Bæjarstjórn Seltjarnarness að setjast yfir þessar hugmyndir og gera áætlun til næstu fimm ára um að hrinda þeim í framkvæmd því í mörgum tilfellum er um um ágætar og vel framkvæmanlegar hugmyndir að ræða.

K

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Fékk grænfánann í annað sinn



Þessir krakkar tóku við Grænfánanum fyrir hönd Grunnskólans.

Grunnskóli Seltjarnarness fékk Grænfánann afhentan í annað sinn í lok febrúar. Af því tilefni var haldin hátíð í skólanum.

Mikil fagnaðarlæti brutust út í Grunnskóla Seltjarnarness síðasta dag febrúarmánaðar þegar skólinn tók á móti Grænfánanum í annað sinn. Allir mættu í grænum fötum, fengu græna frostpinna og að lokum var Grænfáninn dreginn að húni. Elstu nemendur skólans buðu nemendum í Mýró í heimsókn í Való þar sem vel var tekið á móti þeim. Þar var spilað, farið í leiki, dansað og hljómsveitir nemenda, Gleðisveitin, lék eitt lag.

Allir nemendur og kennarar grunnskólans söfnuðust saman í



Valhúsaskóla og tóku þátt í hinum kraftmikla og vinsæla Harlem Shake. Að hristingnum loknum var fáninn afhentur formlega og dreginn að húni að viðstöddum stoltum nemendum og kennurum.

Nesbúinn



Fimm ára áætlun -
Hvar á að byrja?





Grasvöllur endurnýjaður

Knattspyrnudeild Gróttu datt heldur betur í lukkupottinn þegar hún fékk að nýta jarðveg úr Hrólfs-skálamel, sem búið var að ákveða að nota á öðrum stað á Nesinu. Efnið hyggst knattspyrnudeildin nota til að laga grasvöllinn á Valhúsahæð, sem við það hækkar um einn metra.

Efnið er afar gott og nær alveg náttúrulegt en það samanstendur

af klöpp og sjávarkambi. Búið er að koma jarðveginum fyrir á Valhúsahæð á þeim hluta hennar sem ekki er friðaður, en á klöppunum á hæðinni eru rákir í berginu eftir ísaldarjökla sem eru friðaðar. Grasvöllurinn var notaður til ársins 2010 þegar gefist var upp á að halda honum við, en afar mikilvægt er fyrir Gróttu að hafa grasvöll.



Góðverkadagar í grunnskólanum

Góðverkadagar hafa verið haldnir í Grunnskóla Seltjarnarness að frumkvæði skátahreyfingarinnar í febrúarmánuði síðan 2009. Góðverkadagar í skólum hafa það að markmiði að hvetja börn og ungt fólk til athafna og umhugsunar um að láta gott af sér leiða, hjálpa öðrum og gera góðverk.

Einnig að geta tekið við þeim frá öðrum með þakklæti. Góðverk þurfa ekki að vera stór til að skipta máli því það er hugurinn sem máli skiptir. Krakkarnir í 6. bekk tóku þátt í góðverkadögum og skráðu góðverkin sín í litla bók sem þau hengdu á tré fyrir utan stofurnar sínar.



SUMARSTÖRF HJÁ SELTJARNARNESBÆ 2013

Seltjarnarnesbær vill ráða ungt fólk til sumarstarfa. Um er að ræða almenn garðyrkjustörf, verkamannastörf, flokkstjórastörf, ýmis afleysingastörf og leiðbeinendastörf vegna ævintýra- og leikjanámskeiða og smíðavallar. Einnig skapandi sumarstörf í listahópi Seltjarnarness. Opnað verður fyrir umsóknir um störf 3. apríl n.k. Sjá nánar á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar.

Umsóknarfrestur er til 21. apríl 2013

VINNUSKÓLI

Vinnutími Vinnuskóla verða 7 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 1996 og 1997. Vinnutími verða 3,5 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 1998 og 1999. Ekki er unnið á föstudögum. Vinnutímabil Vinnuskólans er frá 10. júní til 26. júlí.

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2013

Vinnuskólinn verður settur 10. júní kl. 11:00 í Valhúsaskóla

Sótt er um störf á Rafrænu Seltjarnarnesi, <http://rafraent.seltjarnarnes.is>. Sjá heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is.

Nánari upplýsingar varðandi störf í áhaldahúsi og Vinnuskóla eru veitt í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959 100.

Upplýsingar um störf á leikjanámskeiðum og í listahóp eru veittar í Félagsmiðstöðinni Selinu í síma 5959 177.

Höfum ríka sérstöðu hvað náttúru varðar

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri Seltjarnarness kveðst vera hæstánægð með góða þátttöku og fjörugar og málefnalegar umræður sem sköpuðust á umhverfisþingi sem umhverfisnefnd Seltjarnarness stóð fyrir í Valhúsaskóla 7. febrúar síðastliðinn. Að sögn Ásgerðar mættu um eitt hundrað manns á þingið og fjölluðu um umhverfismál út frá fjórum skilgreindum málaflökkum. Ylströnd, matjurtargarðar og skjólbelti voru á meðal þess sem rætt var á umhverfisþinginu.

„Í samgöngu- og aðgengismálum lögðu íbúar áherslu á bætta samgöngu og aðstöðu fyrir hjólaðafólk auk þess sem kallað var eftir betri

strætisvagnatengingum við stofnleiðir og lykilstofnanir,“ segir Ásgerður, og bætir við að mati íbúa felst sérstaða bæjarfélagsins í lítilli umferð, stuttum veglengdum innanbæjar og að miðbæ Reykjavíkur auk þess sem stígakerfi og græn svæði voru lofuð. „Hvað orku- og úrgangsmál áhrærir þá stóð vilji flestra til að nýta affall heita vatnsins á hagkvæman hátt. Við höfum yfir eigin hitaveitu að ráða sem er með góðu vatni til heilsubóta og það eigum við að nýta okkur.“ Að sögn Ásgerðar telja íbúar Seltjarnarness sig búa yfir ríki sérstöðu hvað náttúrufar varðar. „Sérstaðan felst meðal annars í aðgengi að fallgu umhverfi við bæjarfóttinn og ríku fuglalífi. Gróttan er talin mikil náttúruperla sem og Vestursvæðin, fjaran og sjórinn sem reynast mikið aðdráttarafl fyrir heimamenn og aðkomumenn. Óskir íbúa felast helst í því að ljúka áformum um nýtingu svæða sem eru rík af náttúraríki á næstu fimm árum, bæta eftirlit með lausagöngu hunda og katta, marka stefnu um umhverfisfræðslu og miðlun hennar og setja upp aðstöðu fyrir útikennslu og náttúruskoðun.“ Hvað almenningsrými áhrærir felst sérstaða Seltjarnarness óneitanlega í fjölbreyttum útivistarmöguleikum rétt við bæjardyrnar. Bæjarstjórinn bendir á að afmörk-



Áhugasamir þátttakendur á umhverfisþingi.

un Seltjarnarness, með hafið á þrjá vegu, sé mikilvæg og fundarmenn hafi nefnt hina sterku sérstöðu sem felst í nábyli við haf og strandlengju. „Verulega ánægja er með aðgengi að opnum svæðum og samþættingu verndunar og nýtingar náttúru og útivistarsvæða“, segir Ásgerður og bætir við að á þinginu hafi komið fram óskir íbúa um að nota trjágróður markvisst til skjólmyndunar í almenningsrýmum og að útbúa aðstöðu fyrir matjurtargarða. Þá var óskað eftir því að ljúka innan fimm ára deiliskipulagi

sem varðar afstöðu til uppbyggingar ylstrandar, golfvallar og hvers kyns annarrar útivistaraðstöðu,“ segir Ásgerður, að vonum ánægð með þær frjóu hugmyndir og góða samráð sem íbúar Seltjarnarness lögðu fram í umhverfismálum bæjarins í nánustu framtíð. Þess má svo geta að í kjölfar þingsins var opnaður hugmynda-banki á heimasíðu bæjarins (seltjarnarnes.is) þar sem íbúar eru hvattir til að koma fram með stórar sem smáar hugmyndir er varða umhverfismál á Seltjarnarnesi.



Hringbraut 119

Sími: 55 44444



Stólpar & MP banki Viðskipti í stöðugri uppbyggingu

Stólpar hafa skýra sýn á það hvernig á að byggja til framtíðar. Þeir vita að það kostar þekkingu, fé og fyrirhöfn að reisa hús. Skýr framtíðarsýn skiptir öllu máli í rekstri fyrirtækja.

Þess vegna eru Stólpar í viðskiptum hjá okkur.

mp banki
banki atvinnulífsins

Aron og Eva

Íþróttamenn Seltjarnarness 2012

Aron Lee Du Teitsson kraftlyftingamaður var kjörinn íþróttamaður Seltjarnarness 2012 og Eva. Hannesdóttir sundkona var kjörin íþróttakona ársins 2012. Kjör á íþróttamanni og íþróttakonu Seltjarnarnes fór fram fimmtudaginn 7. mars að viðstöddu fjölmenni. Er þetta í 20. skiptið sem íþróttafólks Seltjarnarness er kjörð. Á afhendingunni kom berlega fram hversu ríkir Seltirningar eru af framúrskarandi og efnilegum íþróttamönnum. Eitt af höfuðmarkmiðunum með afhendingu viðurkenninganna er að vekja athygli á hinu gróskumikla íþrótt- og tómsundastarfi sem fram fer á Nesinu og jafnframt að sýna fram á hversu dyggilega Seltjarnarnesbær styður við bakið á íþróttafólki sem stundar sína íþrótt innan bæjarmarkanna og utan þeirra.

Aron Lee Du Teitsson er núverandi bikarmeistari karla árið 2012 í kraftlyftingum. Hann hefur sett mörg glæsileg Íslandsmet á árinu og þar með slegið met annarra afreksmanna. Miðað við núverandi árangur myndi hann vera á meðal 30 bestu á heimslista.

Eva Hannesdóttir keppti fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikumunum í London 2012. Eva hefur undanfarin 4 ár æft og keppt með bandarísku háskólaliði þar sem hún hefur sett fjölda skólameta og var meðal annars valin nýliði ársins. Það var krefjandi verkefni fyrir Íþrótt og tómsundaráð að velja tvo einstaklinga úr þeim sjö manna glæsihöpi íþróttafólksins sem tilnefnt var. Allir einstaklingarnir hafa skarað fram úr á einn eða annan hátt á sínu sviði og eru verðugir fulltrúar sinna íþróttafélaga og íþróttageina. Þeir eru góðar fyrirmyndir, sem leggja sig fram við að stunda íþrótt sína af mikilli elju-semi og hefur tekist að rækta með sér styrk, þol, tækni og samhæfingu.

Ungir og efnilegir

Viðurkenningar voru veittar til ungs og efnilegs íþróttafólks sem hefur staðið sig framúrskarandi vel í sínum greinum á keppnisvelliðum á árinu sem var að liða og hefur verið tilnefnt af sínum félagsliðum. Eitt af markmiðunum með þessum viðurkenningum er að hvetja þau áfram til að ná því markmiði að verða framtíðarafreksmenn Íslands.

Viðurkenningar fyrir félagsstörf árið 2012

Viðurkenningar voru veittar fyrir vel unnin störf í þágu æskulýðs- og tómsundamála. Eintaklingarnir sem þær hreppu þykja jákvæðar fyrirmyndir innan sem utan skóla, eru leiðandi í félagsstarfi, búa yfir góðri samskiptafærni, miklu frumkvæði og leiðtogaþæfileikum. Jafnframt eru þessi ungmenni góðar fyrirmyndir fyrir annað ungt fólk á Seltjarnarnesi.

Landsliðfólk á Seltjarnarnesi 2012

Verðlaun voru veitt landsliðsfólki á Seltjarnarnesi. Hér er um að ræða ungt og upprennandi íþróttafólk sem hefur náð þeim áfanga að leika með unglíngalandsliðum eða landsliði sinnar íþróttageina. Með viðurkenningunni vill ÍTS vekja athygli á þeim heiðri sem felst í því að vera valinn í landslið Íslands.

Íslandsmeistarar hjá íþróttafélaginu Gróttu

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri veitti bæjarviðurkenningu til Íslandsmeistarar hjá Íþróttafélaginu Gróttu. Viðurkenningin féll í skaut Borghildar Erlingsdóttur sem var kjörin íþróttakona Seltjarnarness í fyrra, en hún er jafnframt formaður Kraftlyftingadeildar Gróttu sem vann það frækilega afrek að



Aron Lee Du Teitsson og Dagný Þorfinnsdóttir móðir Evu Hannesdóttur veita viðurkenningunni viðtöku.

leiða félagið til Íslandsmeistaratitils í liðakeppni árið 2012. Fyrir utan það glæsilega afrek, þar sem yngsta félagið á Íslandi klekkta á rótgrónum liðum í greininni, þá eiga liðs-

menn fjöldann allan af Íslandsmeistaratitlum í einstökum greinum einstaklinga. Íslandsmeistari í 3. þrepi í áhaldafimleikum var kjörin Nanna Guðmundsdóttir.

Harpa Snædís heiðruð

Harpa Snædís Hauksdóttir fimleikakona var sérstaklega heiðruð um leið og vakinn var athygli á sérstaklega glæsilegum íþróttferli hennar og árangri á liðnum árum við val á íþróttamanni og konu Seltjarnarness. Lárus Lárusson formaður ÍTS sagði við það til efni að Íþrótt- og tómsundaráð Seltjarnarness og bæjaryfirvöld væru ákaflega stolt af Hörpu og hennar árangri í gengnum tíðina.

Harpa æfði fimleika með Gróttu á sínum yngri árum, var valin í unglíngalandsliði, keppti með landsliði Íslands bæði heima og erlendis þar til hún hætti í áhaldafimleikum 18 ára gömul. Þess má geta að Harpa Snædís hefur tvisvar sinnum verið valin Íþróttakona Seltjarnarness og á marga Íslandsmeistarar.



Lárus B. Lárusson, formaður ÍTS, Harpa Snædís og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

aratitla að baki. Harpa hóf að æfa hóp fimleika með meistaraflokki Gerplu og Gerpluliðið hefur verið Íslandsmeistari nokkur undanfarin ár. Einnig hefur liðið keppt sem landslið fyrir Íslands hönd, bæði á Norðurlanda- og Evrópumótum í hóp fimleikum. Á árinu 2011 og á árinu 2012 urðu þær bæði Norðurlanda- og Evrópumeistarar.

SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun



Tékkland	8.945
Aðalskoðun	9.840
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 1. mars 2013

Nemendur fá tækifæri til að meta eigin árangur

Í vetur hafa íþróttakennarar Valhúsaskóla verið að endurskoða námsmat í íþróttum og prófað í því sambandi ýmsar nýjar leiðir m.a. með það að markmiði að efla ábyrgð nemenda. Íþróttakennslan miðar að því að kenna nemendum að bera ábyrgð á eigin heilsu og hreyfingu auk þess sem mikilvægt er að nemendur fái að vita hvar þeir standa í mælanlegum þáttum íþróttar.

Markmiðið með nýja námsmatinu er að nemendur fá tækifæri til meta eigin árangur út frá árangri jafningja. Niðurstöður 7. til 10. bekkjar úr skólahlaupi og fjölþrepprófi voru settar upp í súlurit sem auðveldar nemendum að sjá stöðu sína í þoli miðað við hópinn. Markmiðið er ekki að allir nái framúrskarandi árangri heldur að nemendur sjái stöðu sína. Tvær kannanir voru lagðar fyrir nemendur. Sjálfsmatskönnun var lögð fyrir haustið 2012 þar sem könnuð var líðan nemenda í íþróttatímum og fleira tengt samskiptum. Hin könnunin var áhugakönnun sem lögð var fyrir í janúar. Þar var meðal annars verið að skoða áhuga nemenda á nýrri tegund námsmats og fjölgun kennslustunda í skólaíþróttum og hvar áhugi þeirra liggur með tilliti til hollrar hreyfingar til framtíðar. Niðurstöður úr sjálfsmatskönnun sýna að við erum á réttri braut varðandi uppbyggilega íþróttakennslu þar sem nemendum líður flestum vel eða mjög vel í íþróttatímum.



tímum. Nemendur eru auk þess áhugasamir um að íþróttatímum verði fjölgað um eina vikustund. Það samræmist lýðheilsuáhrifum en samkvæmt þeim er betra að stunda hreyfingu oft og skemur í einu. Niðurstöður eru ákveðin hvatning til áframhaldandi vinnu í sambandi við námsmat í skólaíþróttum. Skýrsluna er hægt að finna inn á vef Grunnskóla Seltjarnarness: <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/media/skjol-12-13/simenntun-ithrottir-metta-hrund-vor-13.pdf>

Metta Helgadóttir og
Hrund Jónsdóttir íþróttakennarar
í Valhúsaskóla.

Týndi ættargrip við að gefa álfunum

Stefán Magnússon er tíður gestur við Bakkatjörnina á Seltjarnarnesi. Stefán hefur búið á Nesinu af og til um ævina en býr nú Reykjavíkurmegin skammt innan bæjarmarkanna. Hann segir að þótt hann hafi flutt austur yfir mörkin sé hann jafn mikill Seltirningur í sér og fyrr. Nesið sé sín heimkynni. Ef til vill eigi áhugamál sitt nokkurn þátt í því hann er mikill áhugamaður um fugla og fer flesta daga um Nesið. Eitt af því sem hann hefur gert um lengri tíma er að gefa álfunum á Bakkatjörninni og hafa einkum heimilisálfaparíð Sigurgeir og Svandís notið góðs af því en einnig margar fleiri.

Þann sjötta febrúar sl. var Stefán að gefa 19 álfum og nokkrum gæsum við Bakkatjörnina og týndi þá rauðum hring sem hann bar á litla fingri. Hringurinn er ættargripur. Var í eigu afa hans Stefáns Ágústs Kristjánssonar stórtemplars og hótél- og bíórekanda á Akureyri og saknar Stefán yngri því gripins. Hann kvaðst ekki hafa saknað hringins fyrr en hann kom heim og ekki komist aftur í dagsbirtu til þess að leita að honum. Leit hefur engan árangur borið og biður Stefán um að



Stefán Magnússon er tíður gestur við Bakkatjörnina á Seltjarnarnesi.

hafi einhver fundið hringinn að láta sig vita. En af hverju hefur Stefán fengið við að gefa álfunum um lengri tíma. Hann kveðst alltaf hafa haft áhuga á fuglum, fylgst vel með þeim og talað við þá. Enn kann hann fuglamál. Já – hann hefur æft mörg fuglahljóð og fer með þau eins og um hinn rétta fugl sé að ræða. Á svölunum framan við bókasafnið á Eiðistorgi gaf hann tíðindamanni lítið heyrnarhorn af því og ekki var um villst að æfingin hafði skapað meistara á þessu sviði.

Víðisverslun opnar innan tíðar í Vesturbænum

Þessa dagana er verið að innrétta húsnæðið sem áður hýsti BYKO neðst á Hringbrautinni, en þar opnar verslunin Víðir á næstunni.

Fyrsta Víðisverslunin opnaði í sumarbyrjun 2011 í Skeifunni og

síðan í Garðabæ, og má segja að Víðir hafi sannað sig á matvöru- markaðnum með lágu vöruverði og góðri þjónustu. Með opnun þessarar Víðisverslunar eykst samkeppnin á matvöru markaðnum í Vesturbæ og á Nesinu í þágu neytendanna.



Fullt út úr dyrum í Tónó

Líf og fjór var í Tónlistarskólunum á Seltjarnarnesi síðasta laugardag febrúarmánaðar þegar Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur.

Fjölmenni kom til að hlýða á hæfileikaríka nemendur af öllum stigum hljóðfæranámsins og boðið var upp á léttar veitingar sem runnu ljúflega niður í gesti.

KEFLAVÍK » ÓSLÓ frá 9.900

Með sköttum, aðra leið

KEFLAVÍK » BILLUND frá 17.480

Með sköttum, aðra leið

KEFLAVÍK » KÖBEN frá 9.900

Með sköttum, aðra leið





Fjölskyldudagur í Gróttu 13. apríl

Lifandi tónlist, vitamiðja, svipmyndir frá fyrsta vitaverði Gróttu, vöfflukaffi, vitaskoðun og fleira spennandi verður í boði á árlegum Fjölskyldudegi í Gróttu laugardaginn 13. apríl. Gróttudagurinn hefur áunnið sér fastan sess í lífi Seltirninga, en á síðasta ári var metaðsókn í eyjuna. Dagskráin hefst kl. 13 með smíðju í Fræðasetrinu, sem listamaðurinn Ásdís Kalman stýrir og ber yfirskriftina Gerðu þinn eigin Gróttuvita. Smíðjan stendur til kl. 15 og eru fjölskyldur hvattar til að taka þátt saman.

Tilvalið er að príla upp í vita áður en hafist er handa við vitagerðina, skyggjast yfir og setja sig í spor vitavardanna. Frá kl. 13 til 16 verður í Fræðasetrinu varpað ljósi á fyrsta vitavörð Gróttu, Þorvarð Einarsson, en 150 ár eru liðin frá fæðingu hans. Sýndar verða ljósmyndir og dregin fram í dagsljósið minningarbrot úr lífi hans og starfi í Gróttu. Léttir og lifandi djasstónar munu líða um Gróttu og taka fagnandi á móti gestum en þátttakendur í smíðjunni eru hvattir til að tína gersemjar úr fjörunni; skeljar, kuðunga og steina til að nota við skreytingar. Sóroptimistaklúbbur Seltirninga selur gómsætt vöfflukaffi en ágóðinn rennur til góðgerðarmála. Áður en eiginlega dagskrá hefst, eða kl. 12:30, bjóða Sr. Bjarni Þór Bjarnason og organistinn Friðrik Stefánsson, upp á helgistund í Bátshúsinu, húsi Rotarýklúbbsins. Seltirningar og aðrir eru hvattir til að mæta og

upplifa viðburðarríkan dag í einstakri umgjörð fjalla, fjöru, sjávar og fjölskrúðugs fuglalífs og njóta óviðjafnlegs útsýnis sem Gróttuviti býður upp á. Opíð verður fyrir fótgangandi út í Gróttu frá kl. 12:10 - 16:10. Bílar verða á staðnum til að ferja þá sem ekki treysta sér til að ganga yfir eiðið.

Listavika Bókasafnsins í aprílbyrjun

Bók Auðar Övu Ólafsdóttur, Undantekningin, hefur notið fádæma vinsælda hérlendis og erlendis en hún verður viðfangsefni Bókmenntaklúbbsins sem hittist næst í Bókasafni Seltjarnarness þriðjudaginn 2. apríl kl. 19:30.

Bókaklúbburinn er öllum opin og áhugasamir hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum eða fylgjast með, en gestastjórnandi verður fenginn til að leiða spjallið. Þetta sama kvöld verður opið hús fyrir hannyrðaglaða einstaklinga undir heitinu Þrjónakaffi, sem textilkennarinn Katrín Ósk Björnsdóttir stýrir. Þrjónakaffið er öllum opið og aðgangur ókeypis. Miðvikudaginn 3. apríl kl. 17:30 býður Sirrý barnabókavörður yngstu lesendum



um í notalega sögustund þar sem hún les söguna Regnbogann eftir Ragnheiði Gestsdóttur.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188



Snjallt að kíkja á okkur á adal.is



HJÁ AÐALSKOÐUN ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanesbæ. Paulreyndir og þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **Hlökkum til að sjá þig!**

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 19 ár

Við getum minnt þig á þegar þú þarft að láta skoða bílinn á næsta ári. Skráðu þig á póstlistann hjá okkur þegar þú kemur með bílinn í skoðun og þú gætir unnið 200 lífra eldsneytisúttækt.



Opíð kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900

Aðalskoðun

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is og www.adal.is

Viðtal við Sigríði Heimisdóttur

Sigríður Heimisdóttir hönnuður er bæjarlistamaður Seltjarnarnesbæjar 2013. Tilnefning hennar var gerð opinber laugardaginn 26. janúar sl. og er hún sautjándi Seltirningurinn til að hljóta þessa nafnbót og sá fyrsti sem kemur úr heimi hönnunarinnar. Sigríður eða Sigga eins og hún er oftast kölluð er uppalin á Nesinu. Hún er dóttir hjónanna Heimis Sindrasonar tannlæknis og tónlistarmanns og Önnu L. Tryggvadóttur lífeindafræðings. Eiginmaður hennar er David Gustav Sandahl verkfræðingur ættaður frá Svíþjóð og eiga þau þrjú börn. Í tilefni af tilnefningu bæjarlistamanns ársins 2013 efndi menningar svið Seltjarnarness til sýningar í Eiðisskeri þar sem lögð var áhersla á fjölskrúðuga ljósa hönnun Siggu og var sýningin opnuð á safnanótt 8. febrúar sl. Nesfréttir litu við hjá Siggu í vinnustofu hennar í gömlu verubúðunum í Örfisey á dögnum.

Sigga er fædd í Reykjavík en flutti ásamt fjölskyldu sinni í Tjarnarból á Seltjarnarnesi um þriggja ára aldur þannig að segja má að hún sé innfæddur Seltirningur. „Ég lít á mig sem Seltirning enda hvergi búíð annarsstaðar frá því ég man eftir mér þegar ég hef verið búsett hér á landi. Þótt ég sé svona næstum borin og barnfædd á Nesinu fór ég ekki alveg hefðbundna leið þegar kom að skólagöngunni því foreldrar mínir sendu mig Landakotsskóla þar sem ég var öll grunnskólaárin frá 9 ára aldri og þangað til ég fór í gagnfræðiskóla í Hagaskóla. Ég kynntist því færri krökkum úr nánasta umhverfi en ef ég hefði farið í Mýró og Való og það var ekki fyrr en ég var komin í Menntaskólann í Reykjavík að ég fór að kynnast verulega sumum nágrönnum mínum en talsvert af krökkum af Nesinu fór í MR um líkt leyti.“ Sigga segist snemma hafa farið að teikna og skapa á pappír. „Það hafði þó ekki þau áhrif að ég leitaði mér að listrænu framhaldsskólanámi heldur sótti þennan gamla góða klassíska menntaskóla. Ég lagði þó hugmyndina um hönnun alls ekki á hilluna og fór að læra ítölsku meðfram náminu í MR því ég var staðráðin í að fara í hönnunarnám til Ítalíu.“

Viðbrigði að koma í sænskan skóg

Að loknu stúdentsprófi hélt Sigga til Milanó á Ítalíu og hóf nám í iðnhönnun við Istituto Europeo di Design sem hún lauk 1994 en tók síðar meistaraðráðu frá Dom-



Sigríður (Sigga) Heimisdóttir við ljós sem hún hefur hannað.

Mynd: Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Einfaldleikinn er lykill að mörgu

us Academy í sömu borg. Eftir að hún útskrifaðist 1994 kom hún hingað heim og stofnaði fyrirtækið Hugvit&Hönnun og vann hér til ársins 2000. Fór þá út í masterinn og svo beint til Svíþjóðar þar sem henni hafði boðist starf hjá IKEA. Þar hannaði hún fjöldann allan af hlutum og sá um samstarf fyrirtækisins við hönnunarskóla í hinum ýmsu löndum. Hún vann hjá IKEA í átta ár eða þar til henni bauðst starf hönnunarstjóra hjá danska húsgagnaframleiðslufyrirtækinu Fritz Hansen. „Það voru ákveðin viðbrigði fyrir mig eftir að hafa lært og starfað og átt yndisleg ár á Ítalíu að vera allt í einum kominn í sænskan skóg og það í janúar þegar vetraríki er hvað mest í Svíþjóð. Höfuðstöðvar IKEA eru í miðri Svíþjóð á mörkum Skáns og Smálanda og þar er heilt þorp eða byggðarlag sem að mestu tilheyrandi fyrirtækinu og margt starfsfólks þess býr þar. IKEA er mjög sérstakt fyrirtæki, stofnað 1943 af Ingvari Kamprad og er enn stýrt af fjölskyldu hans. Fyrsta verslun þess var opnuð í Svíþjóð 1958 og nú rekur IKEA allt að 300 verslanir í 36 löndum. Þrátt fyrir mikinn vöxt fyrirtækisins og velgengni þá berst fjölskyldan ekki á. Hún á búgarð eða jörð í nágrenni IKEA bæjarins og kemur

þar saman á sumrin. Þótt þetta sé stórefnuð fjölskylda á alheimsmælikvarða þá notar hún ekki lífverði og það eru engir verðir sem gæta búgarðsins þegar fólkíð er það. Það fær að vera í friði sem er meira en hægt er að segja um margt af auðugu og frægu folki.“

Viðurinn skemmtilegt viðfangsefni

Sigga starfaði sem einn aðalhönnuður IKEA um árabil en fyrirtækið er þekktast fyrir framleiðslu úr viði. Hún segir viðinn einkar skemmtilegt viðfangsefni. „Viðurinn er sérlega áferðargott og “mennskt” hráefni í alla staði. Hann bindur koltvísýring og vinnur þannig á móti vaxandi áhrifum kolefnis í andrúmsloftinu. Svíar eiga gnægð af viði en talið er allt að eitt hundrað þúsund tré séu á hvert mannbarn í landinu. IKEA hefur nýtt sér þetta og nú eru á bilinu 50% til 60% af öllum vörum þess framleidd úr viði.“ Á ráðstefnunni Íslenska skógarauðlindin – skógur tækifæra, sem haldin var í apríl fyrir bráðum tveimur árum ræddi Sigga m.a. um viðinn sem eitt besta hráefni sem völ er á í hönnun. Viðurinn er endurnýtanlegur, hann bindur koltvísýring, er sterkur og ódýr, auðveldur að nálgast, varan-

legur og praktískur. Á þeim tæpum tveimur áratugum sem ég hef starfað við hönnun hefur viðurinn verið mér mjög nálægur.“

Nesið kom eitt til greina

Eftir átta ára starf hjá IKEA ákvað Sigga að breyta um. „Þótt gott væri að starfa hjá IKEA ætlaði ég mér aldrei að setjast þar að fyrir lífstíð. Mig langaði að kynnast fleiru og opna nýja glugga í hönnunarlífi mínu. Þegar þarna var komið sögu var ég komin með fjölskyldu og aðeins 14 mánuðir skilja strákana okkar að. Við fluttum úr Smálandunum til Malmö þaðan sem ég keyrði daglega til vinnu í Danmörku því ég fór að starfa fyrir Fritz Hansen. Það var virkilega gaman að starfa fyrir þetta gamla og rótgróna fyrirtæki og líka lærdómsríkt. Það á framleiðslurétt á mörgum klassískum verkum á borð við Jacobseggið en er einnig mjög framsækið í nútímanum. Ég var þarna í um þrjú ár en þá komu upp aðstæður sem urðu til þess að ég ákvað að fara til Íslands með fjölskylduna. Þegar þarna var komið sögu,“ heldur Sigga áfram „komu í ljós ákveðin þroskafrávik sem rekja mátti til einhverfuáhrifa hjá eldri syni okkar sem kölluðu eftir því að hann

fengi þjálfun við sitt hæfi. Sænska kerfið er svo sem ágætt en það er mjög þungt í sniðum. Svíar eru það margir miðað við okkur Íslendinga og frávikin því fleiri en hér þannig að reynt er að setja alla í einhver hól. Finna út hvar þeir passi best í kerfinu. Vegna fæðar okkar er unnið mun meira á einstaklingsgrundvelli hér á landi þegar vanda sem þennan ber að. Þótt ég hafi ekki hugsað mér að búa endalaust erlendis þá ytti þetta á okkur að flytja hingað heim og þá kom eðlilega ekkert annað en Seltjarnarnes til greina.“

Á frábærum stað í Örfiseyinni

Sigga hefur auk hönnunarstarfa fyrir IKEA, Fritz Hansen og ýmsa fleiri aðila staðið að útbreiðslu fags síns. Hún hefur kennt hönnun, haldið fyrirlestra víða um heim og unnið að verkefnum í samstarfi við og fyrir helstu hönnunarskóla, þar á meðal Parsons í New York og Royal College of Art í London. Hún segir að í dag sé engin fyrirstaða til að starfa á alþjóðlegum vettvangi og búa Íslandi. „Ég ferðast mikið vegna starfsins þar sem ég er að vinna fyrir aðila víðs vegar um heiminn. Ég segi stundum að það bætist þrjú klukkutímar við ferðirnar en ég fer gjarnan í gegnum Kaupmannahöfn. Ef ég lít til baka til árána sem ég bjó í Malmö þá tók líka talsverðan tíma að koma sér á flugvöllinn og ef hægt er að tengja flugin vel saman þá tekur þetta ekki svo mikið lengri tíma. Ekki miðað við þann lúxus að geta búið hér heima á Nesinu og verið með starfsstöðina á þessum frábæra stað hér í Örfiseyinni. Ég er búin að vera hér í tvö og hálf ár og reka mína eigin starfs-

stöð því ég lokaði Svíþjóðarskrifstofunni þegar ég sá fram á að við vildum vera hérna heima og flutti því allt hingað. Ég hélt stofunni úti opinni á meðan við vorum óákveðin en eftir u.þ.b. ár þá sáum við að framtíðin væri hér á Íslandi og þá lokuðum við hinni sænsku.“ Sigga starfaði einnig sjálfstætt um tíma áður en hún fór að vinna fyrir IKEA þannig að sjálfstæður rekstur er ekki nýr fyrir henni. Hún segir verkefnið koma víðsvegar að. „Ég hef unnið fyrir Vitra hönnunarsafnið í Þýskalandi, Corning glerlistasafnið í New York og tekið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum með íslenskum framleiðendum og nú er ég með verkefni í Asíu og víðar. Ég hef einkum unnið að fjöldaframleiddri hönnun, vörum sem fara í framleiðslu hjá ýmsum fyrirtækjum. Ég fékk mikið af fyrirspurnum frá ýmsum fyrirtækjum eftir að ég hætti hjá IKEA um hvort ég gæti unnið fyrir þau. Þegar ég hætti hjá Fritz Hansen fannst mér tími til komin til þess að fara aftur af stað með eigin vinnustofu.“

Athygli á mikilvægi líffæragjafa

Saga Siggú er ævintýri líkust en er ef til vill nokkuð dæmigerð fyrir þær breytingar sem eru að eiga sér stað. Þótt hönnun hafi lengi fylgt mannkyninu þá er skammt síðan Íslendingar tóku að hasla sér völl á þessu sviði vísinda og lista. Þekkingin kemur að miklu leyti erlendis frá eins og í tilfelli Siggú sem sótti sér menntun til Ítalíu og starfaði síðan hjá einu stærsta fyrirtæki í heimi í framleiðslu húsbúnaðar og muna. Hún segir að síðari árin hafi augu hennar beinst meira að félags-

legri ábyrgð að tilgreindu hagsmunamáli. „Stærsta verkefnið á því sviði eru glerlistaverk af líffærum manna en tilgangurinn með þeim er að vekja athygli á mikilvægi líffæragjafa. En þar sem ég er svo mikið á ferðinni þá er ekki raunhæft að gera alla þessa hluti ein og fylgja þeim eftir. Í staðinn fyrir að ráða fólk þá held ég góðu sambandi við vissa hönnuði sem ég hef unnið með í gegnum tíðina og vinn verkefni með þeim. Ég er í samstarfi við hönnuði í Svíþjóð þegar ég vinn verkefni fyrir sænska aðila sem geta þá litið á prótótípur eða farið yfir teikningar.“

Maður verður að hafa trú á sjálfum sér

Sigga kveðst þó í gegnum tíðina einkum hafa einbeitt sér að hönnun fyrir heimilið hvort sem um smáhluti eða húsgögn sé að ræða auk þess að hafa hannað leikföng og mörg önnur iðnhönnunarverkefni af ýmsum toga. „Í mínum huga skiptir miklu að hlutirnir séu einfaldir og tímalausir. Þeir eru oft einlitir eða með litlu mynstri. Það þarf líka að þróa hvert vöruþróun-

arferlið til enda og umhverfismálin eru mikilvæg. Mér finnst einfaldleikinn vera lykill að svo mörgu. Við vöruhönnun þarf að hyggja að mörgu en tvennt verður að vera í fyrirrími. Að fara eftir lögmaðlum framleiðslunnar og verðviðmiðun markaðsfræðinnar. Í því liggur ákveðinn galdur ef maður er tilbúinn til að vera opin og sveigjanlegur, forvitinn og hlustar á aðra en er þó einkum samstarfsfús. Maður má ekki setja sig á hest prímadonnunnar þótt ákveðin þrjóska sé af hinu góða og nauðsynleg í þessu starfi. Maður þarf að trúa dálítið á sjálfan sig. Kannski er það lykillinn að tækifærum. Ég er líka alltaf spennt fyrir að gera eitthvað nýtt. Ég er búin að teikna svo marga kerta-stjaka sem er skemmtilegt en það er gaman að takast á við nýja hluti. Hugmyndin er að hanna hluti sem tengist útivist svo sem útivistarbúnað og jafnvel íþróttum,“ segir Sigga og var rokin. Hún var á leið til Asíu í nokkra daga og síðan tók hönnunarmars við hér heima. Það er í mörg horn að líta hjá hönnuðinum og athafnakonunni Siggú Heimis.

Árin sem enginn man -Mikilvægi fyrstu æviáranna

Á Opnu húsi í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 21. mars kl. 20:00-21:00 heldur Sæunn Kjartansdóttir erindi um áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna.

Sæunn er sjálfstætt starfandi sálgreinin og einn af forsvarsmönnum *Miðstöðvar foreldra og barna* (fyrstutengsl.is). Hún er höfundur bókarinnar „Árin sem engin man“ sem er algjör gullkista bæði foreldrum og fagfólki. Í bókinni fjallar Sæunn um framtengsl barna við foreldra sína og mikilvægi þeirra áhrifa sem við verðum fyrir á fyrstu æviárunum. Þá fjallar hún um hlutverk foreldra í lífi barna sinna og hvernig þeir geta hlúð að tengslamyndun og andlegri heilsu þeirra. Þetta verður einnig efni erindisins.

Allir eru velkomnir á þessa fróðlegu kvöldstund og aðgangur er ókeypis. Verðandi foreldrar og foreldrar ungra barna eru sérstaklega hvattir til að mæta.



Opið hús er vettvangur þar sem Seltirningum er boðið upp á erindi/hugvekjur sem geta veitt þeim stuðning í leik og starfi og þá um leið styrkt innviði samfélagsins. Opið hús er haldið í fimm skipti árlega, í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju.

Foreldrafélag Leikskóla Seltjarnarness - Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness - Ungmennaráð Seltjarnarness - Íþróttafélagið Gróttu - Seltjarnarneskirkja - ÍTS - Skólaskrifstofa Seltjarnarness - Félagspjónusta Seltjarnarnesbæjar



Ungmennaráð Seltjarnarness skorar á bæjaryfirvöld

Á árinu 2009 komu nokkrir vaskir unglingar saman á fund og stofnuðu formlega Ungmennaráð Seltjarnarness. Í byrjun voru meðlimir alls níu talsins og haldnir voru fundir með reglulegu millibili sem voru bæði félagslegir og fræðilegs eðlis. Nú þremur árum seinna er Ungmennaráðið ennþá starfandi og hefur stækkað til muna. Með breyttu skipulagi hefur meðlimum fjölgað mikið og nú eru þeir á bilinu 50 til 60 talsins.

Lengi hefur verið draumur okkar að hljóta formlega stuðning sveitarfélagsins til að halda úti starfinu. Sá stuðningur væri þá fjármagn sem ætlað væri til okkar starfa en núverandi fjármagn er ekkert þrátt fyrir mikið og öflugt starf. Þá myndi ekki skemma fyrir að fá aðstoðu fyrir ungmennahús þar sem starfsemi Ungmennaráðs myndi rúmast með aðstoð faglærðs aðila sem myndi hjálpa til með



Práinn Orri Jónsson og Anna Lilja Björnsdóttir.

fjármál og skipulagningu.

Meðlimir Ungmennaráðs hafa þegar setið fund með stórum aðilum í bæjarfélaginu í lok árs 2012 þar sem niðurstaðan var sú að Ungmennaráð myndi hljóta áður upptalda hluti fljótlega eftir áramót. Núna, fjórum mánuðum síðar sjást engar breytingar og ekkert bólar á þeim hlutum sem lofað var. Af þeim sökum viljum við biðla til þeirra aðila að skoða málin betur því brýn þörf er á úrbótum í þessum málum.

Ungmennaráðið er í mikilli uppbyggingu og til þess að það geti haldið áfram að blómstra er gríðarlega mikilvægt að fá sveitarfélagið í lið með okkur. Virkt og gott Ungmennaráð getur haft mikil áhrif á heilbriggt félagsstarf unglunga og heldri borgara og stuðlað að betra Seltjarnarnesi og fleiri gleðilegum mánudögum.

Anna Lilja Björnsdóttir
Práinn Orri Jónsson

Þórhildur sýnir Njáluslóðir í Eiðisskeri

Olíumálverk tengd gosinu í Eyjaflallajökli, sveita- og mannlífsmyndir auk persónuteikninga úr Njálssögu eru meðal verka sem grafíski hönnuðurinn Þórhildur Jónsdóttir hefur unnið að undanfarnin fimm ár og mun sýna í Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga í Bókasafni Seltjarnarness. Sýningin verður opnuð fimmtudaginn 21. mars kl. 17 en alls eru til sýnis um 60 verk. Allir eru velkomnir.

Þórhildur (f.1952) er frá Lambey í Fljótshlíð en hefur búð á Seltjarnarnesi frá 1986. Hún lauk námi í grafískri hönnun frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands árið 1972 og hefur síðan unnið samfelld viðgrafska hönnun hjá Myndamótum, Örkinni og á Auglýsingastofu Þórhildar frá 1985. Helstu viðfangsefni Þórhildar eru hönnun umbúða, fyrirtækja- og vörumerkja, myndskreytingar, gerð auglýsinga og upplýsinga- og kynningarrita. Þórhildur malar í frístundum og eru myndefni frá æskuslóðum henni hugleikin.

Þórhildur sýndi vatnslitamyndir og teikningar í Sögusetrinu á Hvolsvelli árið 2009. Teikningar hennar af persónum Njálu voru til sýnis á Hvolsvelli 2010 og 2011, í Kópavogi 2010 og í Hveragerði, Suðursveit og í Reykjavík 2012. Þórhildur hafði opna vinnustofu sína á menningar-



Þórhildur Jónsdóttir.



Myndir frá heimaslóðum eru Þórhildi hugleikin og sækir hún hugmyndir í m.a. Njálu.

hátíð Seltjarnarness 2007 og 2011. Sýningin stendur frá 21. mars til 16. apríl. Hún er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 10-19 og föstudaga kl. 10-17. Lokað er á laugardögum og sunnudögum.

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Vönduð vinna - Gott verð



MOSAİK Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík
sími 587 1960 • www.mosaik.is

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Fimm snéru aftur!

Allir sem einhverntíma hafa reynt atvinnumissi á eigin skinni eða þekkingu til einhvers sem orðið hefur fyrir því þekkingu tilfinningarnar sem fylgja langtímaatvinnuleysi. Vonleysi, höfnun, reiði, vanmáttur, deyfð. Þessu ástandi verður að linna. Enginn vinnufús einstaklingur á að þola slíkt.

Um þessar mundir eru rétt tæplega tíu þúsund manns á atvinnuleysisskrá á Íslandi. Um fjögur þúsund þeirra hafa verið án vinnu í sex mánuði eða lengur. Auk fyrrnefnds hóps misstu um 1.500 manns bótarétt um nýliðin áramót og þurfa að sækja bætur til sveitarfélags síns. Þeir sem haldið hafa um stjórnartamama undanfarin ár hafa gert lítið sem ekkert til að bæta úr þessu ástandi. Þó nýstofnað áttak til skammtímaúrlausnar í samráði við fyrirtæki og sveitarfélög sé góðra gjalda vert dugar það sorglega skammt.

Ég hef heyrt raddir úr stuðningslíði ríkisstjórnarinnar sem virðast nokkuð dofnir fyrir atvinnuástandinu. Benda þeir gjarnan á annað bölverra annars staðar og minnst á atvinnuleysistölur frá S-Evrópu máli sínu til stuðnings. Finnst þér rétt að bera Ísland saman við þau lönd sem verst standa lesandi góður?

Skráð atvinnuleysi birtir hins vegar aðeins hluta vandans. Síðastliðin fjögur ár hafa rúmlega sjöþúsundir vinnandi fólks flutt af landi brott umfram aðflutta eða sem samsvavar verkfæru fólki á Akureyri. Nýlega var gert mikið úr þeim fimm Íslendingum sem fluttu hingað til lands umfram brottflutta á síðasta ársfjórðungi síðasta árs og talað um að nú hefði flóðbylgjunni ver-

ið snúið við.

Víst er gleðin mikil yfir þessum fimm sem snéru aftur, en jafn áhyggjufullur er ég yfir þeim sem ekki geta snúið heim. Ekki hvað síst þeim fjölmörgu sem lokið hafa námi erlendis, eru jafnvel komnir í vinnu þar en hafa ekki að neinu að hverfa hér heima. Ekki veit ég til að gerð hafi verið úttekt á því hve fjölmennur sá hópur er en víst er að gagnlegt væri það.

Ísland hefur ekki efni á að missa hæft fólk af vinnumarkaði. Nú ríður á að efla framleiðslu úr íslensku hráefni til útflutnings. Nú sem aldrei fyrr þarf Ísland á auknum útflutningstekjum að halda til uppbyggingar nýs þjóðfélags aukinna tækifæra.

Framsókn hefur ávallt lagt höfuðáherslu á öflugt, vel rekið atvinnulíf sem skapar fjölbreytt störf. Framsókn leggur áherslu á að rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði gert einfaldara og skilvirkara. Framsókn leggur enn sem fyrr áherslu á að vinnufúsar hendur fái störf við hæfi.

Framsókn fyrir atvinnulífið - Framsókn fyrir framtíðina.

*Þorsteinn Sæmundsson,
Höfundur skipar 3. sæti á
framboðslista Framsóknarflokksins
í Suðvestur kjördæmi.*



Þorsteinn Sæmundsson.



Leikskólabörn heimsækja Mýró

Elstu börnin á leikskólanum á Seltjarnarnesi heimsækja Mýró þrisvar sinnum áður en þau hefja skólagöngu. Í febrúar komu þau og skoðuðu skólann og hittu skólastjóra og fleira starfsfólk.

Næsta heimsókn verður í apríl en þá verða þau í kennslustund hjá 1. bekk, borða nesti og fara með þeim í frímínútur. Við hlökkum til að fá þennan flotta hóp til okkar með haustinu.

Um 150 manns á árs- hátíð Ungmennaráðs

Árshátíð Ungmennaráðs Seltjarnarness var haldin með pomp og prakt nú á dögum í félagsheimilinu góða. Alls mættu í kringum hundrað og fimmtíu manns. Dagskráin var fjölbreytt og hver árgangur frá 1996 til 1993 var með skemmtiatriði sem voru hver öðru betri.

Skemmtunin var að sjálfsögðu áfengis- og vímuefnalaus eins og

aðrir viðburðir Ungmennaráðs og ekki er vítað til annars en að allir hafi skemmt sér konunglega. Stefnan er að hafa þetta árlegan viðburð og vonir standa til um að hann komi til með að stækka og eflast með hverju árinu sem líður. Ungmennaráð sendir þakki til allra þeirra sem sáu sér fært að mæta og/eða hjálpa til og hlakkar til að sjá ykkur aftur að ári.

Íbúfen®

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk



actavis

ÞJÓNUSTA Í HEIMABYGGÐ

**BÍLANES ER MEÐ ALMENNA
VIÐGERÐAÞJÓNUSTU FYRIR BIFREIÐAEIGENDUR**

10% afsláttur af smurningu

Verð fyrir fólksbíl kr. 3.800

Verð fyrir jeppa kr. 4.722

Verð eru fyrir utan efniskostnað

Bílanes, Bygggöðum 8. Seltjarnarnesi
S:561 1190. www.bilanes.is
bilanes@internet.is

BÍLANES
VIÐGERÐIR RÉTTINGAR SPRAUTUN

Páskar í Seltjarnarneskirkju

24. mars - pálmásunnudagur

Grannamessa kl. 11 með þátttöku íbúa á Vallarbraut, Miðbraut, Melabraut, Valhúsabraut og Unnarbraut. Veitingar.

25. mars

Páskaeggjábíngó kl. 19.30 í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju.

27. mars

Kyrrðarstund kl. 12.

28. mars - skírdagur

Messa á skírdagskvöldi kl. 20.

29. mars – föstudagurinn langi

Guðsþjónusta kl. 11.

Lestur Passíusálma kl. 13 til kl. 19.

31. mars – páskadagur

Hátíðarguðsþjónusta á páska-dagsmorgni kl. 08.00 – upprisunni fagnað. Veitingar.



1. apríl - annar í páskum

Ferming kl. 10.30.

7. apríl

Messa kl. 11. Sýning Bjargar Ísaksdóttur opnuð í safnaðarheimili kirkjunnar.

Ferming kl. 13.30.

14. apríl

Guðsþjónusta kl. 11

Ferming kl. 13.30.

Ráðabriggið í Hveragerði

Næsta óvissuferð eldri bæjarbúa verður farin 9. apríl. Ráðabriggið og bland í poka heitir leiksýningin sem á að sjá. Staðsetning er Hótel Ör.

Farið verður frá Skólabraut kl. 11.45. Kaffihlaðborð eftir leiksýningu á veitingastað hótelsins. Verð kr. 4.500.- (sýning, rúta og kaffihlaðb.) Skráningarblað liggur frammi á Skólabrautinni og einnig má skrá sig hjá Kristínu í síma 8939800. Síðasti skráningardagur er þriðjudagurinn 2. apríl. Venjulega förum við í óvissuferðir síðasta fimmtudag í mánuði en vegna páskanna er þessi breyting. Samverustundin með unglíngunum í Selinu færir einnig til vegna páskanna og verður næsta samvera yngri og eldri í Selinu miðvikudagskvöldið 20. mars kl. 20.00. Þennan sama dag verða nemendatónleikar í

Tónlistarskólanum kl. 18.00. Næstu vikur verður dagskráin nokkuð hefðbundin skv. útgefni dagskrá. Þó má minna á að fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði er félagsvist, annan fimmtudag í mánuði er bíodagur og þriðja fimmtudag í mánuði er bíngó en fimmtudaginn 21. mars nk. verður einmitt bíngó í salnum Skólabraut og tengjast vinningarnir páskunum. Mánudaginn 25. mars verður svo páskaeggjábíngó í kirkjunni kl. 19.30. Alla föstudaga er söngur á Skólabrautinni kl. 14.00. Þetta er mikil gleðistund og hvetjum við fólk til að mæta hvort sem það syngur eða ekki.

Allar upplýsingar varðandi dagskrá félagsstarfsins má finna á heimasíðu bæjarins, í dagskrá eldri borgara í Morgunblaðinu og einnig hjá Kristínu í síma 8939800.

Fellihýsi til sölu



Viking fellihýsi árgærd 2004 til sölu.

Með sólarcellu, gasmiðstöð og markísu.

Nánari upplýsingar í síma 895 8298.

UMHVERFISHORNID

Íbúabínging um umhverfismál

Þann 7. febrúar sl. var haldið íbúabínging um umhverfismál í Valhúsa-skóla. Frá því er sagt í viðtali við Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra, á öðrum stað hér í blaðinu.

Náttúruvernd og ósnortin landsvæði

Í könnun sem Ferðamálastofa gerði meðal erlendra ferðamanna sem komu til Íslands 2012 sögðu um 80% að náttúran hefði haft áhrif á þá ákvörðun að heimsækja landið.

Á Íslandi eru 108 friðlýst svæði og hefur Umhverfisstofnun umsjón með langflestum þeirra. Sum eru friðlýst til að vernda dýralíf eða plöntur, frá fuglum til skordýra, frá blómum til skóga. Önnur eru friðlýst til að tryggja aðgang almennings að ósnortinni náttúru. Sum eru svo viðkvæm, eins og til dæmis Surtsey, að þangað fá aðeins örfáir að fara og sum eru jafnvel alfarið lokuð, þar á meðal viðkvæmir hellar.

Í ofangreindri könnun var spurt um vinsælustu svæðin á Íslandi. Af tólf vinsælustu svæðunum eru sjö friðlýst svæði. Það er alveg ljóst að aukinn fjöldi ferðamanna til landsins eykur mjög á álag á þessum sem og öðrum friðlýstum svæðum á Íslandi. Haustið 2010 greindi Umhverfisstofnun álag á friðlýstum svæðum og lentu 10 svæði á rauðum lista. Þau voru í verulegri hættu á því að verða fyrir skemmdum sem gætu haft áhrif á verndargildi þeirra. Þá voru önnur tíu svæði á mörkum þess að lenda á rauða listanum. Við þessu var brugðist með auknum fjárveitingum og var 2011 stærsta framkvæmdaár á friðlýstum svæðum í manna minnum. Á þessu ári verða einnig miklar framkvæmdir til að tryggja að svæðin ráði við álag vegna aukins ferðamannastraums. Mörg friðlýst svæði þola illa ágang. Sum þeirra eru afar viðkvæm og má lítið út af bregða til þess að þar verði óbætanlegt tjón.

Ísland gerist aðili að samningi um votlendisfarfugla

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að Ísland gerist aðili að alþjóðlegum samningi um verndun afrísk-eyrasískra sjó- og vatnafugla (AEWA). Samningurinn kveður m.a. á um aðgerðir til verndunar votlendisfugla á viðkomustöðum þeirra.

Samningurinn nær til fjölmargra fuglategunda sem verpa eða hafa viðkomu á Íslandi og er talið að virk aðild Íslands að honum styrki vernd þeirra en lögð er áhersla á verndunaraðgerðir á viðkomustöðum farfugla. Samningurinn hefur náð sýnilegum árangri víða um lönd til að tryggja vernd tegunda sem hafa verið í niðursveiflu og jafnvel útrýmingarhættu, t.d. vegna óheftra veiða eða eyðileggingar á mikilvægum varp- og áningarstöðum tegundanna. Virk þátttaka Íslands í AEWA hefur því skýran ávinning fyrir náttúruvernd hér á landi.

Ýmsar heimildir.

F.h. umhverfisnefndar,

Margrét Pálsdóttir, formaður



Spói.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188



Sprellað í Mýró á öskudaginn

Á öskudag mættu allir krakkar í Mýró í skemmtilegum búningum í skólann. Kötturinn var sleginn úr tunnunni úti og Einar töframaður skemmti krökkunum.

Krakarnir sungu fyrir sælgætisálfana og fengu nammipoka að launum. Jói dans hélt uppi stuðinu og að lokum borðuðu allir pylsur.



Hringbraut 119
Sími: 55 44444
www.hroi.is

Safnaðarferð í Skagafjörð

Ákveðið hefur verið að stofna til vinatengsla á milli safnaða Seltjarneskirkju og Sauðárkrókskirkju og liður í því er safnaðarferð í Skagafjörð sem áætluð er helgina 20. og 21. apríl.

Lagt verður af stað á laugardagsmorgni kl. 9 frá Seltjarneskirkju. Að verður í Staðarskála á leiðinni og síðan á Víðimýri eftir að komið er í Skagafjörð. Þar er stílhrein torfkirkja frá 1834 á sögufrægum stað Ásbirninga. Gist verður á Löngumýri í hjarta Skagafjarðar. Sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum í Hjaltadal hefur boðið hópnum í heimsókn og staðarskoðun kl.16. Á leiðinni að Hólum verður komið við á Flugumýri, en þar bjó Kolbeinn ungi á sinni tíð. Kvöldverður verður snæddur á Löngumýri.

Að morgunverði loknum verður haldið út á Sauðárkrók. Hópurinn mun taka þátt í sameiginlegri messu í Sauðárkróskirkju kl. 11. Undir lok hennar mun formlega

verða stofnað til vinatengsla safnaðanna. Að athöfn lokinni mun sóknarnefnd Sauðárkróskirkju bjóða til hádegisverðar. Á leiðinni suður mun hópurinn koma við á Reynistað, fæðingarstað Gottskálks Þorvaldssonar, föður Alberts Thorvaldssen, mesta myndhöggvara Evrópu á sinni tíð. Þá verður áð í Glaumbæ, þar sem Guðrífur Þorbjarnardóttir bjó við ævilok, eftir að hafa farið bæði til Vínlands og í pílagrímsför til Rómur. Áætluð heimkoma er á milli kl. 19 og 20 um kvöldið.

Ferðakostnaður skiptist þannig:
Akstur kr. 7000
Gisting og morgunverður (upp búið rúm) kr. 7000
Kvöldverður (lambalæri með öllu tilheyrandi) kr. 4000
Alls kr. 18.000

Skráning fer fram í síma 561-1550 eftir hádegjöld virka daga. Síðasti skráningardagur er 15. apríl.

NES FRÉTTIR www.borgarblod.is



Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Innritun er hafin í
Tónlistarskóla Seltjarnarness fyrir
skólaárið 2013 - 2014 á
Rafrænu Seltjarnarnesi og
stendur yfir fram til **21. apríl** n.k.

Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans
alla virka daga frá kl 11:00 - 15:00

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólabraut
Sími 5959-235 • tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is
www.seltjarnarnes.is/tonlistarskoli

Skólastjóri



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri

Ísleifur Jónsson
útfararstjóri

Frimann Andrésson
útfararþjónusta

Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

Þorsteinn Elíasson
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM



Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



Bikarmeistari í áhaldafimleikum



Bikarmeistarar í 2. þrepi: Eszter Þjálfari, Grethe, Nanna, Arndís, Selma og Gábor Þjálfari.

Gróttu varð bikarmeistari í 2. þrepi í áhaldafimleikum kvenna á Bikarmót FSÍ sem fór fram helgina 16. og 17. febrúar síðastliðinn. Keppt var í 1., 2. og 3. þrepi og frjálsum æfingum. Lið Gróttu varð bikarmeistari í 2. þrepi.

Sigurinn var mjög sannfærandi en heil átta stig skildu að liðin í fyrsta og öðru sæti, lið Gerplu varð í 2. sæti og lið Keflavíkur í 3. sæti. Í bikarmeistaraliði Gróttu voru þær Arndís Ásbjörnsdóttir, Grethe María Björnsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir og Selma Eir Hilmarsdóttir. Þjálfarar liðsins eru þau Gábor Kiss og Eszter Hováth.

Gróttu sendi einnig lið í 3. þrepi kvenna og varð liðið í 7. sæti. Gróttu var ekki með lið í frjálsum æfingum að þessu sinni, en Dominiqua Alma Belányi og Aníta María Einarsdóttir kepptu sem gestir á mótinu og stóðu sig vel.

Helgina 2. og 3. mars fór fram seinni hluti Bikarmótsins, sendi Gróttu þá eitt lið til keppni í 4. þrepi kvenna og

þrjú lið í 5. þrepi kvenna. Stúlkurnar í 4. þrepi urðu í 7. sæti af 15 liðum í mjög jafnri keppni, til að mynda munaði aðeins 0,85 stigum á 4. og 7. sæti. Gróttu liðin í 5. þrepi enduðu í 4., 10. og 16. sæti af alls 21 liði. Aðeins munaði 0,85 stigum að stúlkurnar í 5. þrepi kæmst á verðlaunapall, góður árangur engu að síður.

Þess má einnig geta að Þrepaát FSÍ fór fram í byrjun febrúar og stóðu Gróttukrakkar þar sig með stakri þrýði. Nanna Guðmundsdóttir kom sá og sigraði í 2. þrepi með gull á öllum áhöldum og í samanlögðu sem er glæsilegur árangur. Elín Birna Hallgrímsdóttir fékk gull á tvíslá í 3. þrepi sem er einnig glæsilegur árangur. Nánar má lesa um árangur stúlkna og drengja í 5., 4., 3. og 2. þrepi á www.grottasport.is Það er ekki hægt að segja annað en að fimleikadeild Gróttu sé með mjög öflugt barna og unglingsstarf og það verður gaman að fylgjast með öllum þessum hæfileikaríku krökkum í nánustu framtíð.

Domino Íslandsmeistari

Domino varð Íslandsmeistari á tvíslá á Íslandsmóti í áhaldafimleikum sem fór fram í Versölum helgina 9. og 10. mars. Dominiqua Alma Belányi stóð sig mjög vel og varð í 2. sæti í fjölþraut eftir mjög jafna og spennandi keppni.

Í úrslitum á einsökum áhöldum gerði Dominiqua sér lítið fyrir og sigraði á tvíslá með yfirburðum með einkunnina 12,4 og er því íslandsmeistari á tvíslá. Dominiqua keppti einnig til úrslita á slá og varð í 2. sæti. Frábær árangur hjá henni á

þessu Íslandsmóti.

Þess má geta að Embla Jóhanneseðdóttir sem að hefur verið í landsliðinu ásamt Dominiqua er enn að jafna sig á meiðslum sem að hún hlaut á Vetrarsýningunni í byrjun desember og gat því miður ekki keppt á mótinu. Það hefði verið gaman að sjá hana í baráttunni um verðlaun á þessu móti, við vonum að hún nái sér af meiðslunum fljótt svo að hún geti sem fyrst tekið aftur þátt í toppbaráttunni í íslenska fimleikaheiminum.

Um 500 manns á bikarúrslitaleik



Það munaði hársbreidd að Gróttu stæði uppi sem sigurvegari í leiknum.

Þriðji flokkur karla í Gróttu lék bikarúrslitaleik laugardaginn 9. mars. Andstæðingarnir voru FH-ingar en liðin eru í tveimur efstu sætum 1. deildar um þessar mundir, Gróttu í 1. sæti en FH í 2. sæti einungis stigi frá okkar mönnum. Bikarúrslitaleikir HSÍ hafa löngum þótt með stærstu leikjum vetrarins en umgjörðin, stemningin og aðstaðan er algjörlega til fyrirmyndar. Frábær mæting var á leikinn en um 500 áhorfendur mættu til að berja liðin augum. Gróttufólk var fjölmennt á vellinum og lét vel í sér heyra.

Skemmst er frá því að segja að leikurinn var hnífjafn og fór að lokum í framlengingu eftir að bæði lið höfðu getað unnið leikinn í venjulegum leiktíma. Í framlengingunni fóru okkar

menn í Gróttu með nokkur úrvalsfæri á meðan að vörn liðsins gerði sig seka um einföld mistök sem urðu til þess að FH-ingar náðu að skora einföld mörk. Því fór svo að FH-ingar kláruðu leikinn en Gróttu hefði hæglega getað unnið, hefðu færin sem sköpuðust nýst. Upp úr stendur að leikmenn Gróttu börðust eins og ljón allan leikinn og var einbeitingin og viljinn algjörlega til fyrirmyndar. Það munaði hársbreidd að liðið stæði uppi sem sigurvegari í leiknum en svona fór þetta að þessu sinni. Liðið er hins vegar að spila mjög vel, framfarirnar augljósar og það er ljóst að ef fram heldur sem horfir mun það einnig berjast um deildar- og íslandsmeistaratitla síðar í vetur.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



Fjöldi manns tók þátt í Gróttumessuni.

Fjölmenni við Gróttumessu

Mikið fjölmenni var við Gróttumessu síðastliðinn sunnudag. Litlu snillingarnir og Gömlu meistarnir sungu m.a. Gróttulag-ið, undir stjórn Ingu Stefánsdóttur og Friðriks Vignis.

Gróttukrakkar sáu um ritningar-lestra og lestur bæna auk þess

sem Guðjón Norðfjörð flutti mjög svo áhugaverða hugvekjum um fyrirmyndir okkar í daglegu lífi. Að lokinni messunni var að venju boðið upp á glæsilegt kaffihlaðborð. Gróttumessan er hluti af samstarfi íþróttafélagsins og kirkjunnar.

Knattspyrnudeildin stofnar afrekshóp



Knattspyrnudeild Gróttu hefur nú í fyrsta sinn stofnað afrekshóp þar sem efnilegustu leikmönnum félagsins gefst kostur á að æfa aukalega á morgunæfingum. Hópin er að þessu sinni skipa 17 drengir í 2. flokki og eldra ári í 3. flokki og mun fyrri hluta æfinganna ljúka nú fyrir páska.

Ólafur Brynjólfsson, þjálfari meistaraflokks, hefur stýrt fyrstu æfingunum sem hafa farið fram í íþróttahúsinu. Ólafur hefur lagt áherslu á svokallaða grunntækni

til að bæta færni leikmanna í sendingum og boltameðferð. Í viðtali á heimasíðu Gróttu sagði Halldór Eyjólfsson, formaður unglingaráráðs knattspyrnudeildar, að markmið hópsins væru að flýta þroska strákanna sem knattspyrnumanna og hjálpa þeim að taka skrefið upp í meistaraflokk. Einnig sagði Halldór kvennaboltann í Gróttu vera á mikilli uppleið og að hann hlakkaði til að sjá stelpurnar koma inn í afrekshópinn á næstu árum.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Björgvin Ragnar Hjálmarsson sem er að ljúka framhaldsprófi í jazznámi á saxófón og námi úr Menntaskólanum í Reykjavík. Hann tekur þátt í Nótunni fyrir Tónlistarskóla Seltjarnarness en Nótan er uppskeruhátíð og keppni milli tónlistarskóla landsins sem nú er haldin í fjórða sinn. Björgvin hefur verið virkur síðustu ár að spila með ýmsum böndum og má þar nefna Stórsveit Reykjavíkur.

Fullt nafn? Björgvin Ragnar Hjálmarsson.
Fæðingard. og ár? 22. september 1993.

Starf? Nemi og saxófónleikari.

Bífið? Strætó.

Helstu kostir? Metnaðargjarn og skipu-lagður.

Eftirlætis matur? Lambalæri með brúnu sósunni hennar ömmu og kartöflum.

Eftirlætis tónlist? Hef hlustað mest á allskonar jazz í gegnum árin og sú stefna hefur heillað mig frá því ég var litill.

Eftirlætis íþróttamaður? Thierry Henry.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Mikill aðdáandi Klovn þáttanna.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Íslandsklukkan.

Uppáhalds leikari? Morgan Freeman.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Forrest Gump.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Spila og hlusta á tónlist og á góða stund með vinum.



Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Þórsmörk.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta?

John Coltrane.

Uppáhalds vefsíða?

mbl.is

Hvað vildir þú helst fá í afmæisgjöf? Nýtt reiðhjól.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Kaupa nýjan saxófón, ferðast og leggja rest inn á banka.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Kaupa ný hljóðfæri og tæki fyrir tónlistarskólann.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Langar að gera margt en stefni á að halda áfram í tónlistinni.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Var í skapandi sumarstarfi hér á nesinu ásamt góðum tónlistarmönnum og vinum. Síðan fór ég í MR-útskriftarferð til Tyrklands sem ég mun seint gleyma.

Kristín og Magnús hlutu viðurkenningar UMSK

Kristínu Finnbogadóttur og Magnúsi Erni Helgasyni voru veittar viðurkenningar fyrir störf þeirra fyrir Gróttu og íþróttahreyfinguna á fjölmennu, 89. ársþingi UMSK sem haldið var 28. febrúar síðastliðinn. Kristín fékk silfurmerki UMSK, en slíkt merki eru veitt þeim sem starfað hafa um langan tíma fyrir sitt félag og/eða sambandið. Magnúsi Erni var veittur félagsmálaskjöldur UMSK, en hann er veittur þeim sem skarað hefur fram úr í félagsmálastörfum á liðnum árum.

Íþróttafélagið Gróttu er ekki gamalt félag, stofnað 1967. Það hafa margir komið við sögu í uppbyggingu og rekstri félagsins en það er varla á nokkurn mann hallað þó sagt sé að starfið í félaginu síðustu 11 árin hafi alltaf farið í gegnum hendur Kristínar

Finnbogadóttur. Kristín var ráðin til starfa sem framkvæmdastjóri Gróttu vorið 2002 og allt frá þeim tíma verið hjartað í félaginu. Félagsmenn og aðstandendur hafa alla tíð haft aðgang að Kristínu frá morgni til kvölds, þegar þeir þurfa aðstoð við úrlausn mála.

Magnús Örn Helgason er og hefur alla tíð verið mikill Gróttumaður. Allt frá unga aldri - rétt að nefna reyndar að maðurinn er enn mjög ungur - hefur Magnús verið tengdur nánast öllu sem fram fer í félaginu. Hann hefur verið þjálfari, aðstoðarþjálfari, kynni á leikjum, miðasölumaður, ritstjóri styrktarblaðs, séð um dreifingu á auglýsingum, verið fararstjóri og svona mætti lengi telja. Ef eitthvað hefur vantað er auðveldla leiðin ávallt að hringja í Magnús, hann er alltaf klár að ganga í þau verk sem þarf að vinna.

Fjölskyldudagur í Gróttu

LÁTUM LJÓSIÐ SKÍNA

laugardaginn 13. apríl
kl. 13-15

- Lifandi tónlist
- Gerðu þinn eigin Gróttuvita - Listsmiðja
- Sjósundskeppni
- Gengið upp í vita
- Vöflukaffi
- Svipmyndir frá fyrsta vitaverðinum
- Söfnun á gersemum úr fjörinni
- Ljósmyndakeppni og fleira og fleira

Opið verður fyrir fótgangandi út í Gróttu
frá kl. 12:10-16:10

Björgunarsveitin Ársæll býður upp á akstur
út í eyjuna

Sr. Bjarni Þór Bjarnason verður með helgistund í Bátshúsinu kl. 12:30.

Allir velkomnir!



Augl. Þórh. 2200.505



SELTJARNARNESBÆR